

AUGLÝSING

um deiliskipulag Breiðumýrar og norðanverðs Sviðholts í Sveitarfélaginu Álftanesi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness samþykkti þann 26. júní 2008 breytingu á deiliskipulagi Breiðumýrar og norðanverðs Sviðholts á Álftanesi með síðari breytingum.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast til vesturs við Suðurnesveg, til norðurs við svæði sunnan við hesthúsahverfi að Breiðumýri, til austurs við Breiðumýri og skólasvæði austan hennar og til suðurs við tún í landi Gerðakots og Sviðholts frá Breiðumýri og þaðan norðan Sviðholtsbæjarins að Suðurnesvegi aftur.

Breytingin felur í sér að deiliskipulagsmörk Breiðumýrar og norðanverðs Sviðholts breytast að deiliskipulagsmörkum skóla- og íþróttasvæðis, miðsvæðis og við bæinn Sviðholt.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 2. júlí 2008.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Álftaness,

Pálmi Þór Másson
skrifstofustjóri.